



Hestaíþróttadómarafélag Íslands 2014

Í aðalstjórn eru: Halldór G. Victorsson, formaður,
Gísli Geir Gylfason ritari og fjölmiðlafulltrúi
Ólöf Guðmundsdóttir gjaldkeri.

Varamenn í stjórn: Sigurður Kolbeinsson
Snorri Ólason

Fræðslunefnd: Sigurður Kolbeinsson
Snorri Ólason

Aðalfundur HÍDÍ 2015

Aðalfundur HÍDÍ var haldinn í félagsheimili Harðar Mosfellsbæ 16. Janúar.

Mætu 17 manns, Pétur Jökull Hákonarson var fundarstjóri og Berglind Sveinsdóttir var fundarritari. Pjetur N. Pjetursson formaður stjórnar HÍDÍ gaf ekki kost á sér áfram og var Halldór G. Victorsson kosinn samhljóða. Berglind Sveinsdóttir gar ekki kost á sér en Gísli Geir Gylfason var kosinn samhljóða, Ólöf Guðmundsdóttir sat áfram í stjórn.

Sigurður Kolbeinsson og G. Snorri Ólason voru kosnir í varastjórn.

Haldnir hafa verið 15 stjórnarfundir og hefur fræðslunefndin setið þá alla.



Endurmenntun HÍDÍ 2015

Endurmenntun 2015 fór fram 17. janúar, 24. Janúar og 3. Febrúar. 93 dómarar mættu á endurmenntunina og almenn ánægja var með námskeiðin. Gunnar Reynisson var með fyrirlestur og fór yfir reiðmennsku, byggingu hestsins og hreyfigreiningu. Dómarar fylgjast mjög vel með á endurmenntun, 93 virkir dómarar 2015, 15 alþjóðlegir dómarar, 46 landsdómarar, 34

héraðsdómarar. Einn aðili tók nýdómarapróf á Kronzhof í september og hefur verið samþykkt sem nýdómari, en það er Hrönn Kjartansdóttir. Einn dómari náði sér í alþjóðleg dómara réttindi á árinu, en það er Pétur Vopni Sigurðsson.

Fræðslukvöld

9 apríl 2014 var haldið fræðslukvöld hjá HÍDÍ og var dómurum boðið upp á súpu og brauð. Íþróttadómarar sátu saman kvöldstund og æfðu sig á nýja leiðaranum og kynntu sér þær áherslubreytingar sem felast í honum. Þessi nýbreytni átti mjög góðan hljómgrunn hjá dómurum og var fræðslufundurinn vel sóttur.

Íslenskir dómarar á HM 2015 í Herning

2 dómarar fóru fyrir Íslands hönd á Heimsmeistaramótið í Herning í Danmörku, alþjóðlegu dómurarnir Pétur Jökull Hákonarson og Sigurbjörn Viktorsson, HÍDÍ styrkti þá um KR 75.000 á mann, enda ekki greitt fyrir dómsstörf á HM.

Dómarnefnd Feif.

Sigríður Þjéttarsdóttir og Halldór Viktorsson sitja í þessari nefnd fyrir hönd Íslands. Og eru þau að fara t.d helgina 24-25 október til Malmö á nefndarfund.

Haustfundur

Ákveðið hefur verið að halda haustfund 5. nóvember og fara yfir störf sumarsins og reyna að finna út hvaða hluti má bæta til að störf okkar verði enn markvissari og faglegrari. Mjög ánægjulegt hefur verið fyrir okkur nefndarmenn að starfa þetta árið því mikill metnaður er í dómurum er að auka við menntun sína, kynna sér fræðin og gera félagið enn faglegra.

Fh stjórnar HÍDÍ

Halldór G. Viktorsson

